

## **Stjórnarháttayfirlýsing Festi 2016-2017**

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er gerð af stjórn Festi hf., og gerir grein fyrir starfsemi stjórnar frá 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017. Tilgangur félagsins er fjárfestingastarfsemi með áherslu á eignarhald á félögum í smásölu og rekstri fasteigna. Innan samstæðu Festi eru Krónan ehf., sem rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar og Kjarvals, Nóatún ehf. sem rekur matvöruverslun undir merki Nóatúns. Elko ehf. sem rekur raftækjaverslanir, ISP á Íslandi ehf., sem rekur sportvöruverslunina Intersport, Bakkinn vöruhótel ehf. og fasteignafélögin Festi fasteignir ehf. og Höfðaeignir ehf. Festi er móðurfélag framangreindra félaga og mynda þau saman samstæðu.

### **Lög og reglur**

Stjórnarháttayfirlýsingin er gerð í samræmi við ákvæði 66. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og tekur mið af tilmælum um stjórnarháttayfirlýsingar í Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti útgefnunum í maí 2015 af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ-OMX á Íslandi. Festi fer eftir framangreindum Leiðbeiningum að því frátöldu að ekki hefur verið sett á fót sérstök tilnefningarnefnd.

Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs:

[http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/leidbeiningar\\_um\\_stjornarhaetti\\_fyrirtaekja.pdf](http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/leidbeiningar_um_stjornarhaetti_fyrirtaekja.pdf)

Festi starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög nr. 3/2006 um ársreikninga auk annarra laga og reglna sem kunna að taka til starfsemi samstæðu Festi.

### **Sátt við Samkeppniseftirlitið**

Þann 16. janúar 2014 gerðu Samkeppniseftirlitið, SF V slhf., Festi (áður Bekei hf.), Stefnir hf., sem rekstraraðili SF V, og Arion banki hf., sem eigandi Stefnis, sátt vegna breyttra yfirráða yfir dótturfélögum Festi.

Markmið sáttarinnar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi SF V á Festi og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SF V á yfirteknum félögum. Með sáttinni eru ýmsar skyldur og kvaðir lagðar á ofangreinda aðila. Hvað varðar Festi og dótturfélög þá eru í sáttinni skilyrði um sjálfstæði stjórnar og stjórnenda gagnvart keppinautum; að viðskipti við tengda aðila séu á viðskiptalegum forsendum; að boðin verði út þjónusta og ráðgjöf komi til skráningar félagsins á verðbréfamarkað; og að tiltekin upplýsingagjöf um starfsemi Festi verði opinber.

SF V og Festi hafa falið innri endurskoðun Arion banka að hafa eftirlit með og tryggja að skilyrðum sáttarinnar verði fylgt. Allir aðilar, þ.m.t. Samkeppniseftirlitið, eru sammála um að innri endurskoðun Arion banka sé óháður aðili í skilningi sáttarinnar og að starfsmenn einingarinnar búi yfir þeirri faglegu þekkingu og kerfum sem til þarf til þess að hafa eftirlit með sáttinni. Sérstakur verksamningur hefur verið gerður á milli aðilanna þar sem fjallað er um þær heimildir og kröfur til sjálfstæðis sem sáttin gerir ráð fyrir.

Sáttin er aðgengileg á heimasíðu Festi hf.

[http://festi.is/wp-content/themes/festi/assets/Bekei\\_sattin.pdf](http://festi.is/wp-content/themes/festi/assets/Bekei_sattin.pdf)

### **Stjórn**

Stjórn Festi skipa 5 aðalmenn sem kosnir eru af hluthöfum á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Enginn stjórnarmann er starfsmaður félagsins né hluti af framkvæmdastjórn þess.

Stjórn starfar samkvæmt samþykktum félagsins og hefur sett sér ítarlegar starfsreglur um framkvæmd starfa sinna. Samkvæmt starfsreglum stjórnar Festi er hlutverk stjórnar að stuðla að framgangi félagsins í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins. Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum og eignarhlutum í félögum, ásamt lánastarfsemi sem tengist rekstrinum og annar skyldur rekstur. Þá er það ennfremur tilgangur félagsins

að selja félögum, sem eru að hluta eða öllu leyti í eigu þess, þjónustu sem varðar rekstur þeirra. Tilgangi sínum nær félagið m.a. fram með eignarhaldi á félögum í smásölu og rekstri fasteigna. Starfsreglur stjórnar Festi er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins. Stjórn setur sér jafnframt ítarlega starfsáætlun fyrir hvert starfsár.

Stjórnarfundir á rekstrarárinu voru tíu talsins og voru sóttir af öllum stjórnarmönnum. Í undantekningartilvikum sóttu stjórnarmenn stjórnarfund með fjarbúnaði. Forstjóri félagsins og fjármálastjóri sitja alla stjórnarfundir, auk framkvæmdastjóra fasteignasviðs sem jafnframt hefur verið skipaður ritari stjórnar í samræmi við starfsreglur stjórnar.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar Festi skipa sömu aðilar stjórn Festi og dótturfyrirtækisins Krónunnar.

### **Stjórnarmenn**

**Hreggviður Jónsson**, stjórnarformaður, fæddur 1963. BA í hagfræði frá Macalester College í St. Paul árið 1987 og með MBA gráðu frá Harvard Business School í Boston 1993. Hreggviður er stjórnarformaður og aðaleigandi Veritas Capital ehf., sem er eigandi Holdor ehf ásamt því að eiga og reka fyrirtækin Vistor, Distica, Artasan og MEDOR sem öll starfa sem birgjar og þjónustuaðilar við heilbrigðisgeirann. Hreggviður var forstjóri Veritas og þar áður Vistor frá 2002-2013. Hann starfaði hjá Cargill í Bandaríkjunum og síðar sem ráðgjafi hjá McKinsey & Company í Svíþjóð áður en hann varð fjármálastjóri og síðar forstjóri Íslenska útvarpsfélagsins og Norðurljósa. Hreggviður var formaður Viðskiptaráðs Íslands frá 2012 til 2016 og hefur setið í stjórnnum fjölda félaga. Hreggviður er aðaleigandi Veritas sem er eigandi Holdor sem á 12% hlut í SF V, móðurfélagi Festi. Hreggviður hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Fyrst kjörinn í stjórn 1. mars 2014.

**Arnar Ragnarsson**, fæddur 1972. BS í hagfræði frá Háskóla Íslands 1996 og MBA frá INSEAD í Frakklandi 1999. Arnar starfar sem forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni. Starfaði áður hjá Arion banka og forverum hans frá 2002 og gegndi stöðu forstöðumanns viðskiptaþróunar frá 2011-2012 og forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar á árunum 2009-2011. Arnar á ekki eignarhluti í félaginu en er framkvæmdastjóri SÍA II slhf., sem á 27,4% hlut í SF V, móðurfélags Festi hf. SÍA II og SF V eru með rekstrarsamning við Stefni og situr Arnar í stjórn SF V. Arnar hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Fyrst kjörinn í stjórn 3. september 2013.

**Guðjón Karl Reynisson**, fæddur 1963. Kennarapróf frá IKI 1986, Rekstrar og Viðskiptagráða frá EHÍ 2000 og MBA frá Háskóla Íslands 2002. Guðjón hefur langa reynslu af verslanarekstri og hefur verið Forstjóri Hamleys í London frá 2008. Áður rak hann 10-11 verslanirnar um árabil og var Framkvæmdastjóri verslana- og sölusviðs Tals. Guðjón á 0,4% hlut í SFV, móðurfélagi Festi í gegnum einkahlutafélag sitt Hakk ehf. Guðjón hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins.

Fyrst kjörinn í stjórn 1. mars 2014.

**Helga Hlín Hákonardóttir** hdl., fædd 1972. Cand Jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1997, héraðsdómslögmannsréttindi 2003 og próf í verðbréfavíðskiptum 2001. Starfar sem lögfræðilegur ráðgjafi fjárfesta, stjórna og stjórnenda hjá Strategíu og eigandi Lixia lögmannsstofu. Hefur víðtæka reynslu af lögmennsku, stjórnun og ráðgjöf á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Helga Hlín situr í stjórnnum Greiðsluveitunnar ehf., Wow air ehf., VÍS hf. og Meniga Ltd., situr í stjórn Viðskiptaráðs og er meðeigandi og í stjórn Strategíu ehf. og CFA ehf. Hún á ekki eignarhluti í félaginu og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né stóra hluthafa. Telst bæði óháð félaginu og stórum hluthöfum samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti.

Fyrst kjörin í stjórn 1. mars 2014.

**Póranna Jónsdóttir**, fædd 1968. Cand Pharm gráða frá HÍ 1994, MBA gráða frá IESE í Barcelona, 1998, doktorspróf á sviði stjórnarháttu frá Cranfield University í Bretlandi 2010 og próf í verðbréfavíðskiptum 2008. Starfar sem stjórnendaráðgjafi og lektor við Háskólann í Reykjavík. Starfaði áður sem forseti viðskiptadeildar HR, sem framkvæmdastjóri hjá Auði Capital, og sem framkvæmdastjóri Artasan og Vistor. Hún hefur víðtæka reynslu af stjórnunarstörfum, rekstri og viðskiptaráðgjöf. Hún á ekki eignarhlut í félaginu og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né stóra hluthafa. Telst óháð bæði félaginu og stórum hluthöfum samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti.

Fyrst kjörin í stjórn félagsins 1.mars 2014.

### **Óhæði**

Allir stjórnarmenn félagsins teljast óháðir félaginu samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Guðjón Karl Reynisson, Helga Hlín Hákonardóttir og Póranna Jónsdóttir teljast jafnframt óháð stórum hluthöfum félagsins samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

### **Árangursmat stjórnar**

Í lok starfsárs síns leggur stjórn mat á störf sín með því að framkvæma sjálfsmat byggt á spurningarlista sem lagður er fyrir alla stjórnarmenn. Niðurstöður sjálfsmatsins eru ræddar á stjórnarfundi og tillögur að úrbótum settar fram.

### **Áhættu-og endurskoðunarnefnd Festi**

Í Áhættu- og endurskoðunarnefnd Festi sitja þrjú menn sem skulu vera óháðir félaginu skv. skilgreiningu gildandi leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá skal a.m.k. einn nefndarmanna vera sérfræðingur á sviði endurskoðunar og/eða áhættustýringar. Til að uppfylla skilyrði um óhæði og þekkingu má skipa utanaðkomandi aðila í nefndina.

Áhættu- og endurskoðunarnefnd Festi hefur eftirfarandi hlutverk:

- a) Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- b) Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun ef við á, og áhættustýringu.
- c) Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- d) Yfirfara fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum félagsins til stjórnar.
- e) Greina helstu áhættur í rekstri félagsins.
- f) Hafa eftirlit með sátt félagsins og fleiri aðila við Samkeppniseftirlitið dagsetta 16. janúar 2014.
- g) Meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- h) Gera tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda félagsins.
- i) Önnur mál sem stjórn felur nefndinni að fjalla um.

Í Áhættu- og endurskoðunarnefnd stjórnar eru skipuð Arnar Ragnarsson, Helga Hlín Hákonardóttir og Helena Hilmarsdóttir og gegnir Helga Hlín formennsku í nefndinni. Nefndin hefur hist níu sinnum á starfsárinu og mættu allir nefndarmenn á alla fundi utan eins fundar þar sem einn nefndarmaður forfallaðist.

Starfsreglur Áhættu- og endurskoðunarnefndar er að finna í Starfsreglum stjórnar Festi.

## **Starfskjaranefnd Festi**

Starfskjaranefnd stjórnar Festi skipaða Arnar Ragnarsson, Hreggviður Jónsson og Þórunn Jónsdóttir og gegnir Arnar formennsku í nefndinni. Nefndin fundaði einu sinni á starfsárinu og mættu allir nefndarmenn á alla fundi nefndarinnar. Hlutverk Starfskjaranefndar Festi er eftirfarandi:

- a) Gera tillögu til stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- b) Gera tillögu til stjórnar um samninga við forstjóra um laun og önnur starfskjör, innan ramma starfskjarastefnu félagsins, ásamt starfslýsingu hans.
- c) Gera tillögu til stjórnar um samninga við aðra starfsmenn um laun og önnur starfskjör sem falla undir starfskjarastefnu félagsins.
- d) Gera tillögu til stjórnar um samninga við forstjóra og stjórnarmenn um starfslok þeirra.
- e) Annast framkvæmd samninga við forstjóra skv. ákvörðunum stjórnar.
- f) Annast framkvæmd samninga við aðra starfsmenn vegna samninga sem falla undir verksvið starfskjaranefndar skv. c-lið.
- g) Gera tillögu til stjórnar um starfskjör stjórnar og undirnefnda.
- h) Taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunar- og áhættunefnd félagsins.
- i) Önnur mál sem stjórn felur starfskjaranefnd að fjalla um.

Starfsreglur Starfskjaranefndar er að finna í Starfsreglum stjórnar Festi.

## **Stjórnendur félagsins**

Jón Björnsson, var ráðinn forstjóri félagsins 26. febrúar 2014.

Jón situr í stjórnnum Ahlens AB, Boozt AB og fjárfestingafélaginu Akri. Jón á óbeinan eignarhlut í félaginu í gegnum félagið Sunnunes sem á 0,9% hlut í SF V, móðurfélagi Festi, og á hann jafnframt kauprétti að hlutum í félaginu.

Framkvæmdastjórar félagsins eru:

Gréta María Grétarsdóttir, fjármálastjóri

Þórarinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs

Viðar Örn Hauksson, framkvæmdastjóri Bakkans vöruhótel

Sigurður Gunnar Markússon, framkvæmdastjóri innkaupasviðs

Gestur Hjaltason, framkvæmdastjóri Elko

## **Ytri endurskoðun**

Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og var Deloitte kosið endurskoðunarfélag Festi á aðalfundi þann 8. júní 2016.

## **Siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð.**

Félagið hefur sett sér stefnu um siðferðisviðmið og samfélagslega ábyrgð.

## **Ársreikningar**

Reikningsár félagsins er frá byrjun mars til loka febrúar ár hvert. Félagið hefur sótt um að skattalegt ár verði til samræmis við reikningsár félagsins. Þeirri undanþágu hefur verið synjað af skattayfirvöldum og Yfirsattanefnd.

## **Hluthafar**

Festi er í eigu SF V og eru hluthafar um 30 talsins. SÍA II er stærsti einstaki hluthafi félagsins með um 27% hlut. Lífeyrissjóðir eru með um 31% hlut, tryggingafélög og sjóðir 15% og einkafjárfestar um 26%.

Stjórn SF V skipa Arnar Ragnarsson, formaður, Davíð Rudólfsson, Hreggviður Jónsson, Sigurður Viðarsson og Þórður Már Jóhannesson. Framkvæmdastjóri er Ari Ólafsson.

Stærstu hluthafar SF V eru:

SÍA II slhf 27,4%	Festa Lífeyrissjóður 3,3%
Holdor ehf. 12,0%	LSS 3,3%
Brekka Retail ehf. 6,5%	Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 1,6%
Stefnir - ÍS 5 5,8%	Frjálsi Isj. tryggingadeild 1,4%
Almenni lífeyrissjóðurinn 5,5%	Alfa hf. 1,3%
Gildi Lífeyrissjóður 5,5%	Lífeyrissjóður bænda 1,1%
Tryggingamiðstöðin hf. 4,9%	Eftirlaunasjóður FÍA 0,9%
Stapi lífeyrissjóður 4,4%	Vörður tryggingar hf. 0,9%
Hlér ehf. 3,8%	Sunnunes ehf. 0,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn 3,5%	LSBÍ 0,9%

Hluthafar sem fara með yfir 5% eignarhlut í SÍA II eru:

Gildi lífeyrissjóður 15,9%	LSR B-deild 5,6%
Stapi lífeyrissjóður 10,0%	Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga 5,3%
LSR A-deild 9,6%	Vátryggingafélag Íslands hf. 5,3%
Arion banki hf. 7,5%	Frjálsi 1 5,1%
Festa lífeyrissjóður 7,5%	

### ***Samskipti við hluthafa***

Samkvæmt starfsreglum stjórnar er formaður stjórnar tengiliður milli stjórnar og hluthafa félagsins og annast samskipti við þá milli hluthafafunda og kemur sjónarmiðum þeirra á framfæri við stjórn. Stjórn leggur áherslu á að samskipti við hluthafa fari almennt fram á formlegum fundum og þess sé gætt að allir hluthafar hafi sama aðgang að upplýsingum.

Á árinu voru haldnir tveir fundir með hluthöfum SF V, móðurfélagi Festi, þar sem Jón Björnsson, forstjóri Festi, kynnti afkomu félagsins og helstu áherslur í rekstri. Á slíkum upplýsingafundum eru m.a. veittar upplýsingar um stjórnarhætti sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti.

### ***Upplýsingar um brot á lögum og reglum***

Félagið hefur ekki verið uppvíst að brotum á lögum eða reglum af hálfu viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðila.